

gjörir sem mest úr litlu manns aſli, svo að það getur rutt braut um hvert öræfið eftir annað og kastað björgum úr veki. En sú trú er trúin á að umbæta hag manna og heim, svo áframhaldið sé eilift og haldist jafnast í réttu lagi. Það er trúin á að manninum ætti að þoka áfram og líða vel, trú á framför mannkynsins áfram og uppávið að eilífu.

Hvert sem hugann langar, hvert sem augun horfa, dænum gildi þess er vér eigum um að velja eða hafna við hugsjón voru um hið fullkomna, og verum vakandi fyrir röddinni er berst til vor að ofan frá og kallar oss hærra og hærra.

Par bíða óðul hins ónumda lands  
að entum þeim klungróttu leiðum;  
sú friðkeypta ættjörð hvers frjálsborins manns  
sem felur hin skínandi sigurlaun hans  
að baki þeim blágrýtis heiðum.



## Nokkrir fornmann.

*Framhald.*

### Eggert Magnússon Vatnsdal.

Einn hinna rösklegustu og mannborlegustu gamalmenna íslenskra hér vestra, eins og mynd sú ber með sér er „Heimir“ flytur af honum, er skippherra EGGERT MAGNÚSSON VATNSDAL. Hann er maður hniginn mjög að aldri, en er þó enn hinn ernasti til sálar og líkama. Hann er fæddur árið 1831, þann 9. Júní, og er fæðingar staður hans Skáleyjar í Eyjahreppi í Barðastranda-sýslu, þar sem Einar Skálaglamm námi land.

Foreldrar Eggerts voru: Magnús Einarsson bóndi á SkálEyjum, — bróðir Eyjólfs alþingismanns Einarssonar frá SvefnEyjum, þess er Matth. Jochumsson kvað um, — af svonefndri